



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
við opnun sýningarinnar
Hugvit og hagleikur
Félagsheimilinu Þjórsárveri
22. apríl 2004**

Ágætu Sunnlendingar
og aðrir góðir gestir

Það er vel til fundið að heilsa sumri hér í Þjórsárveri með merkri sýningu og helga hana hugvitsfólki sem ættað er og upprunnið héðan úr héraðinu, frumkvöðlum, hönnuðum, listasmiðum og hagleiksfólki sem með nýrri sýn á tilveruna skópu vélar og tæki, kjörgripi og nytjahluti.

Það er á margan hátt undravert hve margir hafa hér látið að sér kveða á þennan hátt og Villingaholtshreppur orðið kjörsveit í þessum efnum, eins konar Mekka hugvitsmanna; merkilegt hve oft þessi sköpunargáfa hefur gengið í erfðir, mætti jafnvel efna til lærðra rannsókna til að finna hugvitsgenið í Villingaholti.

Við Íslendingar höfum löngum hampað hagrörðingum og talið skáld og ritsnillinga vera í fremstu virðingaröð. Sérhver sem gat varpað fram snjallri stöku, ort kvæðabálk eða ritað skarpan texta var talinn sveitarsómi og verk þeirra voru varðveitt mann fram af manni.

Við höfum á hinn bóginn ekki sinnt sem skyldi framlagi þeirra sem lögðu gjörva hönd á plóg, léttu byrðar með nýju verklagi, færðu nýjungar inn í daglega iðju, smíðuðu vélar sem juku afköst og tæki sem reyndust þarfapíng, sköpuðu með hagleik og listasmíð einstæða kjörgripi, auðguðu þannig íslenska menningu og léttu um leið mörgum lífið.

Hinn verklegi þáttur í þjóðararfi er merkur strengur í okkar sögu og við þurfum á komandi árum að gera honum betri skil, skerpa skilning á mikilvægi hans og fjölbreytileika og heiðra um leið hið góða fólk sem sérstaklega hefur á þessu sviði látið að sér kveða.

Sýningin Hugvit og hagleikur er frumlegt framlag í þessa veru og hér kennir svo sannarlega margra grasa. Flóaaáveitan er hér kynnt í máli og myndum, áður talin mesta mannvirki norðan Alpafjalla og umræðuefni þegar íslenskur lærdómsmaður átti fund með páfa, en komst því miður ekki á dagskrá þegar ég fyrir nokkrum árum efndi til viðræðna í Páfagarði – og var það vissulega yfirsjón bæði mín og Hans Heilagleika að minnst þá ekki á ný þessarar merku veitu.

Þá er hér einnig spunavélin sem á byltingarkenndan hátt olli breytingum á afköstum, og klukkan sem gengið hefur í sjö tugi ára án þess að bila, einnig verk flugvéla- og vindmyllusmiða, norðurljósavél og laxastigi, svo að nokkuð sé nefnt, og svo einnig kjörgripir sem sýna hvernig snilldarhandbragð skóp myndir sem greipast ævarandi í okkar huga.

Afköst sumra hafa verið næsta ótrúleg. Jón Þjóðhagssmiður Gestsson í Villingaholti smíðaði til dæmis 115 hús, þar á meðal Villingaholtskirkju sem nú er friðuð vegna fegurðar sinnar og sérstöðu í trúarsögu okkar Íslendinga. En Jón smíðaði einnig 6 aðrar kirkjur og svo rjómabúið á Baugsstöðum, 520 saumavélar, 330 stundaklukkur og fjölda prjónavéla, skilvindur og fleiri tæki, einnig verkfæri m.a. 1660 brennimörk og ekki má gleyma 116 líkkistum til að tryggja að virðuleg yrði hinsta för sveitunganna. Slíkur maður verðskuldar jafnvel sérstakt safn, svo burðugt var ævistarfið og áhrifin á mörgum sviðum.

Og af því að ég nefndi áðan hugvitsgenið í Villingaholti þá er hér á sýningunni einnig haldið til haga verkum sona Jóns, Kristjáns og Gests, en þeir bræður gerðu sér lítið fyrir og smíðuðu dráttarvél úr gömlum bíl nokkru áður en slíkar vélar urðu algengar á landi hér. Og Sigríður Jóna dóttir Kristjáns hefur áfram borið með sóma og listfengi hugvitshæfni ættarinnar.

Margt fleira mætti nefna og skemmtilegt að sýningin minnir okkur einnig á langa sögu því að um 400 ár skilja að elsta og yngsta þáttinn. Hér er heiðrað framlag séra Jóns Erlendssonar sem gaf okkur handrit að Íslendingabók Ara fróða og eftirrit af Landnámu Sturlu Þórðarsonar og væri íslensk menning og þjóðarvitund til muna fátæklegri ef ekki hefði notið séra Jóns. Í nútímanum er svo fjölblendi Kristjáns Björns Ómarssonar en alþjóðleg einkaleyfi hafa nú fengist fyrir þetta merka framlag til að minnka mengun og spara eldsneyti; og má því segja að hugvitið frá Villingaholtshreppi hafi hafið heimsreisnu sína.

Það er svo sannarlega fjölþætt hátíð sem hér er hafin og margt sem í boði er. Hér verður frumsýnd heimildarmyndin Hugvit og hagleikur, Ungmennafélagið Vaka sýnir leikritið Gullbrúðkaup eftir Jökul

Jakobsson, frumkvöðlasetrið Imprá og Landssamband hugvitsmanna kynna starfsemi sína og út kemur rit sem ber heiti sýningarinnar.

Fyrir þetta fjölþætta framlag vil ég þakka sérstaklega og óska öllum aðstandendum til hamingju með frábært verk, þakka fyrir að þið hafið beint sjónum okkar að merkur þætti í þjóðararfi sem við þurfum að sinna betur. En jafnframt hafið þið sýnt á frumlegan og kraftmikinn hátt að mannauðurinn er sú besta gjöf sem byggðir landsins geta notið, sú auðlind sem dýrmætust er þegar til lengdar lætur, minnt okkur á að fólkið sjálft verður ávallt traustasti kjarninn í raunsannri byggðastefnu.

Ég þakka ykkur fyrir að hafa boðið okkur Dorrit að vera hér með ykkur á þessum hátíðardegi og fagna sumri á svo skemmtilegan og fróðlegan hátt.